

Ábendingar frá opnu samráði á vef, 21. júní til 9. ágúst 2021.

Hér fyrir neðan eru þær ábendingar sem ekki voru merktar inn með hnitum á kortið (punkur eða lína).

1.

**Ábending:** Lega línunnar eins og hún er á svæðinu frá Vatnshömrum og upp í Þverárhlið er mjög mikið yfir mikilvæg ræktarlönd. Mikilvægt er að skerða ekki möguleika bænda til matvælaframleiðslu. Um allan heim kappkosta stjórnvöld að varðveita ræktarland og framtíðarræktarland vegna þess að þörf mannkyns fyrir mat fer mjög vaxandi. Einnig vilja þjóðir almennt stuðla að auknu fæðuöryggi fyrir þegna sína. Hér gerum við sérstaklega athugasemdir við það að línan fari yfir ræktarlönd jarðanna Langholts og Laugarholts. Til að sleppa við ræktunarlönd er betra að fara með línuna yfir hálendið eins og um Kjöl sem hentar ekki til matvælaframleiðslu.

2.

**Ábending:** Hér er með formlegum hætti mótmælt að háspennulína fari í gegnum land Norðtungu, hér fer engin lína það er ljóst og verður það stöðvað með öllum mögulegum leiðum ef með þarf. Hálendið hefur verið tekið eignarnámi af ríkinu og getur ríkið notað sitt eigið land, eins og gert var í Kjósinni, vísa ég þar í dómsmál. Þegar hefur Lögmaður verið ráðinn til að gæta minna hagsmuna.

3.

**Ábending:** Í Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 kemur meðal annars fram að stefnt skuli að því að háspennulínunum verði ekki fjölgað í sveitarfélaginu; frekar verði horft til þess að leggja háspennustrengi í jörðu eða auka flutningsgetu núverandi háspennulína með hærri spennu. Enn fremur kemur fram að háspennulínur sem koma inn í sveitarfélagið að austanverðu og liggja að Brennimel liggja samsíða Sultartangalínu 3 að eins miklu leyti og mögulegt er eða þær lagðar í jörðu. Stefna í Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 er mjög sambærileg stefnu Hvalfjarðarsveitar er varðar að ekki skuli fjölga háspennulínunum í sveitarfélaginu; frekar verði horft til þess að leggja háspennustrengi í jörðu eða auka flutningsgetu núverandi háspennulína með hærri spennu. Á þessum forsendum er því mótmælt harðlega að reisa nýja línu meðfram núverandi Holtavörðulínu 1. Það samræmist ekki stefnu sveitarfélaganna á nokkurn hátt. Enn fremur er rétt að benda á að í stefnu Borgarbyggðar kemur fram að gæta þurfi að sjónrænum áhrifum háspennulína og -mastra. Það þýðir að ef að heimilt væri að reisa nýja línu meðfram Holtavörðulínu 1 þurfi nýja línan að vera sambærileg þeirri línu sem nú er, þ.e. staurastæður þyrftu að vera við hlið þeirra sem fyrir eru, hæð þeirra eins, með sömu fjarlægð á milli mastra, úr sama efni og eins í uppbyggingu, en þannig lágmarkar maður sjónræn áhrif. Að því sem ofan greinir að þá er lagt til að ný háspennulína sé lögð í samræmi við stefnur sveitarfélaganna, þ.e. að ný háspennulína verði lögð meðfram Sultartangalínu 3 frá Klafastöðum í Hvalfirði og þaðan sem leið liggur norður fyrir Gullfoss, meðfram vegi yfir Kjöl, að stöðvarhúsi Blönduvirkjunar og þaðan meðfram núverandi háspennulínu um Húnavatnshrepp, Húnaþing vestra og þar upp á Holtavörðuheidi.